

Mánudaginn 13. nóvember 1972.

Nr. 178/1971. **Kristján Guðmundsson**

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)

gegn

Landleiðum h/f

(Jón Magnússon hrl.)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Lögveð.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. nóvember 1971. Gerir hann þær kröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 761.402.60 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann og lögveðs í bifreiðinni R 4709 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 30. nóvember 1971, krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð umsögn Þóris Bergssonar tryggingafræðings, dags. 24. apríl 1972, um örorkutjón aðaláfrýjanda vegna slyssins. Segir þar m. a., að „Breyting á kjörum stýrimanna, sem gerð var um síðustu áramót, auk breyttrar vísitölu frá október s. l., þegar ég reiknaði síðast út tjón hans“, hækki tjón aðaláfrýjanda vegna varanlegrar örorku um kr. 23.-446.00.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms að leggja óskipta fébótaabyrgð á gagnáfrýjanda.

Bótakröfur sínar hér fyrir dómi sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

1. Bætur fyrir varanlega örorku	kr. 586.155.00
2. Yfirvinnutap	— 22.213.60
3. Ýmis kostnaður	— 13.034.00
4. Miskabætur	— 150.000.00

Kr. 771.402.60

Frá dregst: Greiðsla frá Vátryggingafélaginu h/f	— 10.000.00
--	-------------

Kr. 761.402.60

Um 1. kröfulið. Varanleg örorka aðaláfrýjanda hefur verið metin 10%. Hann hefur stundað stýrimannsstörf áfram eftir slysið og haft hærri tekjur af þeim heldur en framangreindur tryggingafræðingur áætla, að aðaláfrýjandi mundi hafa haft, ef slysið hefði ekki orðið. Tekjur aðaláfrýjanda af stýrimannsstörfum árið 1971 voru kr. 665.000.00. Tjón samkvæmt þessum kröfulið þykir hæfilega metið kr. 350.000.00. Slysátryggingabætur þær, sem aðaláfrýjandi fékk greiddar úr hendi H/f Eimskipafélags Íslands, kr. 60.000.00, koma hér ekki til frádráttar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 20/1954.

Tjón samkvæmt 2. kröfulið og kostnað samkvæmt 3. kröfulið ber að taka til greina.

Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar kr. 50.000.00.

Samkvæmt þessu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda kr. 425.247.60 (350.000.00+22.213.60+13.034.00+50.000.00÷10.000.00) ásamt vöxtum, eins og krafizt er. Þá ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn kr. 80.000.00.

Samkvæmt 4. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og umferðarlaga nr. 40/1968 á aðaláfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 4709 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Landleiðir h/f, greiði aðaláfrýjanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 425.247.60 með 7% árs-

vöxtum frá 5. október 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00.

Aðaláfrýjandi á lögveð til tryggingar dæmdum fjárhæðum í bifreiðinni R 4709.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. okóber 1971.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er höfðað með stefnu, birtri 5. maí 1970.

Stefnandi málsins er Kristján Guðmundsson stýrimaður, Hvassaleiti 47, Reykjavík.

Stefndi er Landleiðir h/f, Reykjavík.

Réttargæzlustefndi er skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Vátryggingafélagsins h/f.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefnda, Landleiðum h/f, verði dæmt að greiða honum kr. 762.761.00 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst stefnandi lögveðs í bifreiðinni R 4709 til tryggingar tildæmdum kröfum.

Stefndi gerir þær kröfur *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. *Til vara* krefst hann þess, að sök verði skipt og kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður verði látinn falla niður.

Engar dómkröfur eru nú á hendur réttargæzlustefnda, og réttargæzlustefndi, sem hefur látið sækja þing í málinu, gerir engar kröfur.

II.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 5. október 1967 var stefnandi að aka bifreiðinni R 3774 austur eftir Miklubraut hér í borg. Vinstri handar akstur var þá hér á landi. Er hann nálgast Rauðagerði, hægði hann á ferð bifreiðarinnar, þar sem hann hugðist beygja inn á þá götu til hægri, en í þann mund var langferðabifreið stefnda, R 4709, ekið aftan á bifreið þá, sem stefnandi ók. Bifreiðin 4709 var skylduvátryggð hjá Vátryggingafélaginu h/f. Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir lík-

amstjóni við árekstur þennan. Hefur hann höfðað mál þetta til greiðslu bóta fyrir tjón sitt.

Tveir lögregluþjórnar fóru á vettvang. Annar þeirra gerði uppdrátt af vettvangi. Hinn bókaði niður svofellda skýrslu.

„Ökumaður R 4709 kvað R 3774 hafa gefið stefnumerki til hægri inn á Rauðagerði, en stanzað fyrir umferð og hafi hann einnig gert það. Kvað hann R 3774 hafa ekið aftur af stað, er umferð leyfði, en stanzað strax aftur til að hleypa bifreið af Rauðagerði inn á Miklubraut. Kvaðst hann hafa ekið af stað um leið og R 3774, en ekki haft tíma til að stanza og því ekki getað forðazt árekstur. Ökumaður 3774 kvaðst hafa ætlað að beygja til hægri inn á Rauðagerði. Kvaðst hann hafa verið við það að stanza, er höggið kom. Ökumenn voru boðaðir í Borgartún 7 þriðjudaginn 10. október 1967. R 3774, vinstri afturbretti, höggvari v. megin að aftan og farangursgeymsla dældað, afturljós vinstra megin brotið. R 4709 engar skemmdir sjáanlegar.“

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögrelunni hinn 10. október 1967. Var þá fært til bókar:

„Mætta er birt skýrsla lögreglu og sýndur uppdráttur af vettvangi, og segir hann lögregluskýrslu ekki lýsa óhappi þessu rétt, en uppdrátt telur mætti réttan.

Mætti segist hafa ekið austur Miklubraut og dregið úr ferð, er hann hafi nálgazt Rauðagerði. Mætti segist ekki hafa numið alveg staðar, en ekið mjög hægt með beygju til hægri, en þá hafi höggið komið aftan á bifreið hans. Mætti sagðist að sjálf-sögðu hafa ekið hægara þarna vegna bifreiðarinnar, er kom eftir Rauðagerði að brautinni, og það hafi hann gert af öryggisástæðum. Mætti segir, að komið hafi í ljós, að hann hafi eymsli í hálsi, síðan þetta kom fyrir, og hann hafi leitað læknis varðandi það.“

Stefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi 19. október 1970. Hann skýrir svo frá, að hann hafi aldrei stöðvað bifreiðina. Hann hafi komið akandi austur Miklubraut og ætlað að beygja suður Rauðagerði. Hann kveðst hafa þekkt þessi gatnamót og vitað, að þau voru mjög hættuleg öllum bifreiðum. Beygjan sjálf hafi verið um 120° og auk þess hafi verið hryggur í beygjunni, sem hafi verið ökuhindrun. Á leið sinni austur Miklubraut að gatnamótunum kveðst stefnandi hafa skipt bifreið sinni úr 3. ganghraðastigi í 1. ganghraðastig og því hafi bifreiðin sýnt tvisvar sinnum bremsuljós, enda kveðst stefnandi hafa stigið

á hemil, um leið og hann skipti bifreiðinni. Í samræmi við fram-
anritað kveðst stefnandi ekki hafa stöðvað bifreiðina á Miklu-
brautinni og ekki hleypt neinni bifreið inn á Miklubrautina.
Hann kvaðst hafa orðið var við bifreiðina R 4709 langt á eft-
ir sér, er hann ók austur Miklubrautina umrætt sinn. Hann
segir, að bifreið sú, sem kom norður Rauðagerði og ætlað inn
á Miklubrautina, hafi verið stöðvuð við gatnamót Rauðagerðis
og Miklubrautar, þegar áreksturinn varð umrætt sinn. Hann
kveðst stöðugt hafa óþægindi í hálsinum, einkum við áreynslu
og ágerist þessi óþægindi við erfiði og fleira.

Jón Hreiðar Kristófersson, ökumaður langferðabifreiðarinn-
ar R 4709, hefur hinn 10. október 1967 skýrt svo frá fyrir rann-
sóknarlögreglu, að lögregluskýrslan, sem áður var rakin, sé í
meginatriðum rétt með þeirri leiðréttingu, að hann kveðst ekki
hafa stöðvað langferðabifreiðina, er bifreiðin R 3774 var stöðv-
uð í fyrra sinnið, heldur hafi hann verið nokkuð á eftir þeirri
bifreið á rólegri ferð, en aukið hraðann lítið eitt, er hann sá
bifreiðina R 3774 tekna af stað. Hafi hann því verið óviðbúinn,
er hún var stöðvuð aftur, og ekki getað forðazt snertingu við
bifreiðina.

Jón Hreiðar hefur hér fyrir dómi hinn 5. október 1970 skýrt
svo frá, að honum hafi virzt bifreiðin R 3774 stanza. Virtist
honum bifreiðin standa kyrr, þegar áreksturinn varð. Hann
telur, að bifreiðin R 3774 hafi runnið inn á Rauðagerði við
áreksturinn. Hann kveðst hafa gert sér grein fyrir, áður en
áreksturinn varð, að ökumaður R 3774 ætlaði að beygja inn í
Rauðagerðið. Fólki var í langferðabifreiðinni, en hann kveðst
ekki lengur muna, hvaða farþegar það voru. Hann kveðst ekki
betur muna en að bifreiðin R 3774 hafi hleypt bifreiðinni, sem
kom norður eftir Rauðagerði, inn á Miklubrautina og hafi sú
bifreið ekið austur Miklubrautina. Hún hafi rétt sloppið fyrir
framan bifreiðina R 3774. Hann minnir, að þetta hafi verið
grænn stationbíll, enda kveðst hann alls ekki minnast þess, að
umrædd bifreið hafi verið við gatnamótin eftir áreksturinn.
Hann kveðst hafa gengið að bifreið stefnanda. Stefnandi hafi
setið undir stýri og virtist vera utan við sig, en stefnandi hafi
þó sagt, að þetta væri allt í lagi. Kveðst hann þá hafa tjáð stefn-
anda, að hann mundi kveðja lögregluna til í gegnum talstöðina.

Stefnandi og Jón Hreiðar voru samprófaðir. Var þá fært til
bókar:

„Stefnandi segir, að bifreiðin, sem kom norður Rauðagerði,

hafi verið grænleit leigubifreið og hafi hún verið kyrrstæð við gatnamótin, þegar áreksturinn varð, en henni hafi verið ekið austur Miklubraut, skömmu eftir að áreksturinn varð. Stefnandi kveðst ekki muna skrásetningarnúmer bifreiðarinnar. Mætti Jón Hreiðar heldur fast við skýrslu sína um þetta atriði. Samræmi náðist ekki.“

Vitnið Gunnhildur Ólafsdóttir hefur hér fyrir dómi hinn 19. október 1970 skýrt svo frá, að það hafi setið í framsæti bifreiðar stefnanda og við hlið hans. Vitnið kveður svo langt um liðið, frá því atburðir þeir, sem hér um ræðir, áttu sér stað, að hún treystir sér ekki til að lýsa málsatvikum. Hún kveðst ekki aka bifreið sjálf og því ekki fylgjast mikið með, hvernig ekið sé. Hún segir þó, að bifreið stefnanda hafi verið að hægja á sér til þess að beygja suður Rauðagerði, þegar áreksturinn varð umrætt sinn. Hún treystir sér ekki til að lýsa atburðum nánar en nú er sagt, og sérstaklega aðspurð kveðst hún ekki þora að segja til um það, hvort bifreið stefnanda hafi verið stöðvuð eða ekki, þegar áreksturinn átti sér stað umrætt sinn. Vitnið kveðst muna, að „svakalegt“ högg hafi komið á bifreið stefnanda á árekstraraugnablikinu.

III.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að öku- maður bifreiðarinnar R 4709 hafi ekið aftan á bifreiðina R 3774, þar sem hann sat undir stýri, svo sem lýst hefur verið hér að framan. Telur stefnandi, að sök á ökuóhappinu hafi öll verið hjá ökumanni bifreiðarinnar R 4709. Beri stefndi sem eigandi bifreiðarinnar því fulla skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt 67. og 69. gr. umferðarlaga. Er því algerlega mótmælt af stefnanda, að hann eigi nokkra sök á árekstri þessum.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á óhappinu. Hafi stefnandi beðið tjón af völdum árekstrarins, verði hann að bera það sjálfur. Í umrætt skipti hafi stefnandi verið á ferð í bifreið sinni eftir einni af aðal- umferðargötum Reykjavíkur, Miklubraut. Er hann kom að gatna- mótum Miklubrautar og Rauðagerðis hafi hann stöðvað bifreið sína til þess að hleypa bifreið, sem kom eftir Rauðagerði, inn á Miklubrautina. Þessi viðbrögð stefnanda, að stöðva bifreið sína fyrir bifreið, sem hann átti umferðarrétt fyrir, hafi verið algerlega tilefnislaus og óeðlileg, eins og atvikum var háttað. Hafi ökumaður R 4709, sem ók á eftir stefnanda, sízt

átt von á þessu og verði að telja þessa hegðun stefnanda hafa skapað hættu bæði fyrir hann sjálfan og aðra vegfarendur og jafnframt brot á 51. gr. umferðalaga nr. 40/1968.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, er viðurkennt af ökumanni bifreiðarinnar R 4709, að stefnandi hafi gefið stefnumerki til hægri inn til Rauðagerðis, og kveðst ökumaður R 4709 hafa gert sér grein fyrir fyrir áreksturinn, að stefnandi ætlaði að beygja inn í Rauðagerðið. Ökumaður R 4709 virðist ekki hafa sýnt næga aðgæzlu í akstri sínum, þegar hann ók langferðabifreiðinni aftan á bifreið stefnanda. Hins vegar er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að stefnandi eigi nokkra sök á ökuóhappi þessu. Ber því að leggja óskipta fébótaábyrgð á stefnda sem eiganda bifreiðarinnar R 4709 gagnvart stefnanda vegna þess tjóns, sem stefnandi varð fyrir.

V.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar. Stefnandi sundurliðar kröfu sína nú þannig:

1. Örorkutjón	kr. 586.155.00
2. Yfirvinnutap	— 23.572.00
3. Ýmis útlagður kostnaður	— 13.034.00
4. Miskabætur	— 150.000.00

Kr. 772.761.00

Greiðsla frá Vátryggingafélaginu h/f

dregst frá

Kr. 762.761.00

Um 1. kröfulið.

Ólafur Jónsson læknir hefur metið örorku stefnanda. Í örorkumati læknisins, sem dags. er 12. marz 1970, segir m. a.:

„... daginn eftir slysið leitaði slasaði til Hinriks Linnet, læknis, og er vottorð hans dagsett þann 22. maí 1969 svohljóðandi:

„Kristján Guðmundsson, Hvassaleiti 47, Reykjavík, stýrimaður, f. 22/9 1934, leitaði til mín 6/10 1967, en hann tjáði mér þá að hafa lent í bílslysi, og kvartaði hann um verki aftan í hálsi, hnakka og herðum, var höfuðið fixerað til vinstri og hreyfingar í hálsi hindraðar, bæði flexion, extension og snúningur, auk þess nokkur eymsli í hnakkavöðvum og vöðvafestum í hnakka.

Lét ég taka af honum höfuð- og hálsmyndir, og var það gert 9/10 1967, og var ekki unnt að greina brot né einkenni um brot í höfði né hálsliðum, og einkenni til blæðinga í sinusa sást ekki.

Hann hefur öðru hverju síðan, um mislangan tíma, orðið að hætta störfum vegna óþæginda, sbr. fyrri vottorð frá mér, er hann hefur undir höndum, og óþægindi í hálsi og hnakka eru ekki horfin. Ég skygndi hann í skyggnimagnara á s. l. ári m. t. t. hreyfinga í hálsliðum, er reyndust þá vera orðnar eðlilegar, foramina vel opin, en þá var hann búinn að vera í physiotherapi hjá Björgvini Finnssyni, lækni (frá 17/1 1968).

2/5 1968 voru á ný teknar myndir af col. cervicalis, einnig m. t. t. dens epistrophei, og voru þær negatívar, sömuleiðis af eyrum, er teknar voru 19/11 1968.

Ég sendi slasaða til Gunnars Guðmundssonar, neurologs, dr. med., til frekari skoðunar og ráðleggingar um meðferð, þar eð kvartanir hurfu ekki, og í samráði við hann fer slasaði til Kristjáns Hannessonar, lækni, í sérstaka meðferð 21/2 1969. Henni líkur 21/4 s. l., en um árangur af henni verður vart full- yrt ennþá. Slasaði hefur enn kvartanir, en niðurstaða mín og greining er:

1. Distorsio col. cervicalis.
2. Myoses nuchae.
3. Post-traumat. neurosis.“

Auk þess liggur fyrir vottorð Gunnars Guðmundssonar, dr. med. yfirlæknis, frá 10/1 1970, svohljóðandi:

„Hr. Kristján Guðmundsson, stýrimaður, f. 22. 9. 1934, til heimilis að Hvassaleiti 47, Reykjavík, hefur verið hjá mér til rannsóknar og meðferðar vegna afleiðinga áverka, er hann hlaut, að sögn, í bíslýsi þ. 5. okt. 1967, en keyrt var aftan á bíl, sem hann ók. Ekki hlaut Kristján neina ytri áverka, og ekki mun hann hafa misst meðvitund. Nokkrum klukkustundum eftir áreksturinn gat hann lítið sem ekkert snúið til höfðinu vegna verkja, og fannst honum sem hálsinn „stírðnaði upp“. Kristján leitaði til hr. lækni Henriks Linnet daginn eftir (sbr. vottorð H. L., dags. 22/5 1969), sem fann við skoðun fixerað höfuð til vi. og mjög hindraðar hreyfingar á hálsi bæði flexion, extension og snúningur, auk þess fann hann nokkur eymsli í hnakkavöðvum og vöðvafestum í hnakka. Kvartaði Kristján þá um verki aftan í hálsi, hnakka og herðum. Rtg.myndir af hálsliðum og höfði þ. 9. 10. 1967 sýndu ekki neitt óeðlil., og endur-

teknar rtg.myndir af hálsliðum þ. 2. 5. 1968 voru einnig eðilegar.

Næstu mánuði á eftir fann Kristján fyrir verulegum stirðleika við allar hreyfingar á hálsi og mikil óþægindi aftan í hálsi, sem stundum lagði út í axlir. Þessi óþægindi versnuðu þá eins og nú við alla þreytu. Fékk hann um tíma physiotherapi hjá gigtlæknum með nokkrum árangri.

Hefur Kristján samtals verið frá vinnu um 6 mán. vegna óþæginda í hálsi og herðum. Í fyrstunni fóru áður nefnd óþægindi minnkandi, en s.l. 1½ ár hefur ástandið verið nokkuð óbreytt.

Helztu kvartanir Kristjáns í dag og sem hann hefur haft síðan hann slasaðist eru óþægindi í hnakka og höfði, sem versna við að lúta, einnig úthaldsleysi og „þirring“, sem einkum kemur, ef hann þarf að reyna eitthvað á sig. Hann segist finna fyrir marri í hálsliðum við hreyfingar og finna meira fyrir veltungi á skipinu en áður. Kristján er nú í fullri vinnu.

Fyrir slysið segist hann hafa verið heilsugóður og ekki fundið fyrir neinum þeirra óþæginda, sem áður getur.

Við skoðun: er hann fullkomlega áttaður á stað og stund. Minni hans virðist allgott, og hann hefur engin einkenni um dysfasi eða dysarthri.

Heilataugar: Eðlil. heilataugar. Enginn nystagamus.

Vöðvakerfi: Tonus, trofia og grófir kraftar eðlilegir. Sinaviðbrögð eru eðlil.

Plantarsvörun er flexion b. megin. Engin einkenni um ataxi. Gangur er eðlilegur.

Skyn: Sársauka-, snerti-, stöðu- og titringsskyn er eðlil. Áberandi palpations eymsli aftan á hálsinum og vöðvafestum í hnakka.

Heilarit: (21/11 1968, Landspítalanum): „Létt óeðlil. rit með fremur ógreinil. fokus hæ. megin temporalt við djúpöndun.“

Álit: Kristján hefur sennilega fengið distorsio col. cervicalis við áður nefnt slys, sem hefur orsakað vövabólgu á hálsi. Enginn vafi er á, að um töluverða post traumatiska neurosu er einnig að ræða.

Þar sem eink. hans, sem teljast verða afleiðing af áður nefndu slysi, hafa verið óbreytt s.l. 1½ ár, þykir mér ósennilegt, að ástandið breytist neitt verulega til batnaðar frá því, sem nú er, og því rétt að ganga frá hans bótakröfum.“

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum 20/2 1970, og skýrir hann frá slysinu og meðferðinni eins og fram kemur hér að fram-

an. Kveðst hann hafa verið samtals frá vinnu 6 mánuði vegna óþæginda í hálsi og herðum, sem hann telur vera beina afleiðingu slyssins, en að auki kvartar Kristján nú um óþægindi í hnakka og höfði, sem versna við að lúta, einnig úthaldsleysi og „pirring“. Hann kveðst verða var við marr í hálsliðum við hreyfingar og finna meira fyrir og hafa óþægindi af veltungi á skipi heldur en áður var. Þessi óþægindi hafa verið óbreytt síðastliðið 1½ ár að sögn Kristjáns, og hefur physiotherapi hjá læknum Kristjáni Hannessyni og Björgvin Finnsyni litlu breytt þar um.

Röntgenmyndir, sem teknar hafa verið, hafa hvorki sýnt brot né aðrar breytingar. Heilarit, sem tekið var eftir slysið, er talið létt óeðlilegt, en samkv. upplýsingum Gunnars Guðmundssonar, dr. med. yfirlæknis, eru þær breytingar það litlar, að ekki er mark á þeim takandi. Kristján er nú í fullri vinnu, en telur sig ekki geta unnið jafnmikla aukavinnu og hann gerði fyrir slysið.

Ályktun: 33ja ára gamall stýrimaður, sem varð fyrir bifreiðarslysi fyrir rúmlega 2 árum og hlaut við slysið áverka á hálsliði, sem valda honum nokkrum óþægindum í hálsi, hnakka og höfði, og verður að telja, að hann hafi hlotið af slysinu tíma- bundna örorku, sem telst hæfilega metin 100% í 6 mánuði (vottorð Gunnars Guðmundssonar, yfirlæknis) og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin 10%.

Stefnandi hefur í greinargerð sinni mótmælt örorkumatinu sem röngu, þar sem það sé byggt á röngum forsendum. Matið sé því þýðingarlaust fyrir málið. Hinn 20. marz 1971 ítrekaði hann þessi mótmæli sín og óskaði þess að örorkumatið yrði lagt fyrir Læknaráð. Sama dag úrskurðaði dómariinn með vísan til 2. gr. laga nr. 14/1942, að leitað skyldi umsagnar Læknaráðs um örorkumat læknisins. Í niðurlagi úrskurðar Læknaráðs segir svo:

„Málið er lagt fyrir læknaráð á þá leið.

að beiðzt er svars við eftirfarandi spurningum:

1. Fellst Læknaráð á það með læknum Ólafi Jónssyni, að hinn slasaði hafi hlotið við slysið „áverka á hálsliði, sem valda honum nokkrum óþægindum í hálsi, hnakka og höfði?“
2. Ef svo er, fellst Læknaráð þá á örorkumat læknisins?
3. Ef ekki, hvernig ber þá að meta örorku slasaða?

Tillaga réttarmáladeildar um ályktun lækna ráðs:

Ad. 1. Já.

Ad. 2. Já.

Snorri Hallgrímsson

Tómas Helgason

Ól. Bjarnason.

Til forseta lækna ráðs.

Framanrituð greinargerð og tillaga réttarmáladeildar um ályktun lækna ráðs staðfestist hér með fyrir hönd ráðsins í samræmi við fyrirsmæli laga nr. 14 15. maí 1942 og reglugerðar nr. 192, 24. nóv. sama ár, sem ályktun og úrskurður lækna ráðs.

Reykjavík, 25. júní 1971.

F. h. l.

Benedikt Tómasson

Stefán Guðnason.“

Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda hinn 22. marz 1970. Í útreikningi tryggingafræðingsins segir m. a. svo:

„Samkvæmt örorkumati Ólafs Jónssonar, lækni, dags. 12/3 1970, hefur Kristján hlotið tímabundna örorku 100% í 6 mánuði og varanlega örorku, sem lækni rínn metur 10%.

Aldur:

Kristján er sagður fæddur 22. sept. 1934 og hefur því verið 33 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkv. staðfestum ljósritum af skattframtölum Kristjáns árin 1965—1967 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1964	kr. 194.977.00
— 1965	— 237.619.00
— 1966	— 268.456.00

Tekna þessara hefur hann aflað eingöngu hjá Eimskipafélagi Íslands h/f, en þar hefur hann verið ráðinn 2. stýrimaður (1. stm. í afleysingum).

Ég hef því umreiknað framangreindar tekjur hans samkv. breytingum á taxta yfirmanna á farskipum til slysdags og síðan.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þar sem varanlega tapið er reiknað 10% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið 90% af þeim í 6 mánuði:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap	
		v/tímab. örorku:	v/varnl. örorku:
1. árið eftir slysið	kr. 251.833.00	kr. 125.917.00	kr. 25.203.00
2. — — —	— 252.027.00	—	— 25.203.00
3. — — —	— 285.863.00	—	— 28.586.00
síðan árlega	— 327.352.00	—	— 32.735.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Þannig áætlað vinnutekjutap reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 121.559.00
— varanlegrar	— — 393.732.00

Samtals kr. 515.291.00

Frádráttur.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.
Athugasemd.

Í bréfi yðar til mín, dags. 17. marz 1970, bendið þér á, að e. t. v. væri rétt að taka tillit til þess, að ef að venju færi, myndi Kristján hækka í starfi allt upp í skipstjóra. Þér bendið einnig á hinn miklu skattfríðindi sjómanna. Hvorugt þessara atriða treysti ég mér til að leggja dóm á.

Reikningsgrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur ísl. karla samkv. reynslu árána 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkv. sænskri reynslu.“

Tryggingafræðingurinn endurreiknaði hinn 4. október 1971 örorkutjón stefnanda. Í endurútreikningnum segir m. a.:

„Frá því að ég í útreikningi, dags. 22. marz 1970, reiknaði út örorkutjón Kristjáns S. Guðmundssonar vegna slyss 5. okt. 1967, hafa orðið mjög verulegar hækkningar á launakjörum stýrimanna á skipum Eimskipafélags Íslands. Þér óskið því endur-reiknings á tjóni þessu.

Ég hafði samband við Jón Magnússon, lögfræðing hjá Eimskipafélaginu. Hann gaf mér upplýsingar um, hvernig launakjör stýrimanna hefðu breytt frá því í marz 1970. Sá böggull fylgdi þó skammrifi, að stýrimenn höfðu hlotið ýmiss hlunnindi, sem fastalaunsbreytingar sýndu ekki. Ég hef umreiknað áætlaðar

vinnutekjur án tillits til aukinna hlunninda, en tekið fullt til-
lit til breyttra greiðsluhátta vegna vinnu umfram samningsbund-
inn tímafjölda.

Þannig áætlað verða vinnutekjur og vinnutekjutap Kristjáns
þetta:

	Vinnu- tekjur:	Vinnutekjutap tímab.	varanl.
1. árið eftir slysið	kr. 251.833.00	kr. 125.917.00	kr. 25.203.00
2. — — — —	252.027.00		— 25.203.00
3. — — — —	315.317.00		— 31.532.00
4. — — — —	493.166.00		— 49.317.00
síðan árlega	— 511.252.00		— 51.125.00

Verðmæti örorkutapsins reiknast mér nú nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 121.559.00
— varanlegrar	— 586.155.00
	<hr/>
Samtals	kr. 707.714.00

Við útreikninginn hef ég notað sama reikningsgrundvöll og í
fyrri útreikningi.“

Stefnandi byggir kröfu sína um örorkutjón á örorkumati læk-
nisins og síðari útreikningi tryggingafræðingsins yfir varanlega
örorku, kr. 586.155.00. Lögmaður stefnanda telur ekki rétt, að
neinn frádráttur komi á þessa fjárhæð vegna opinberra gjalda,
hagræðis við eingreiðslu og svo framvegis. Byggir hann þessa
skoðun á því í fyrsta lagi, að bætur sem þessar séu skattfrjáls-
ar og séu þær reglur að sjálfsögðu settar í þágu öryrkjans, en
ekki í þágu tjónvalds. Í öðru lagi á því, að allir íslenskir sjó-
menn hljóti verulegan skattfrádrátt, ef þeir hafa verið lögskráð-
ir lengur en 26 vikur, og í þriðja lagi á því, að útreikningur
tryggingafræðingsins byggist á framtíðartekjum stefnanda sem
stýrimanns, en niðurstaða útreikningsins yrði óhjákvæmilega
hærri, ef tillit væri tekið til þess sjálfsagða möguleika, að
stefnandi eigi eftir að hækka í starfi, ef að venju lætur, allt
upp í skipstjóra.

Stefndi mótmælir örorkutjónskröfu stefnanda sem allt of
hárrí. Jafnframt bendir hann á, að tekjur stefnanda árið 1967

námu kr. 323.950.00 árið 1968 kr. 297.994.00 og árið 1969 kr. 383.344.00. Sé því ljóst, að slysið hafi ekki dregið úr tekjuöflun stefnanda. Einnig bendir stefndi á, að þegar örorkumat læknisins er virt, sé miskabótakrafa stefnanda samkvæmt 4. kröfulið raunverulega innifalin í 1. kröfulið um örorkutjón, enda sé erfitt að skilja þarna á milli, eins og atvikum er háttað.

Þegar virt eru þau gögn, sem frammi liggja í málinu um meiðsli stefnanda, áætlanir tryggingafræðingsins og höfð eru í huga þau lækunarstjórnarmíð, sem taka ber tillit til samkvæmt venju, þykja bætur til stefnanda fyrir örorkutjón hans hæfilega metnar kr. 400.000.00, enda hefur stefnandi ekki sannað, að hann sé undanþeginn þeim meginreglum, sem um slíkar bætur gilda.

Um 2. kröfulið.

Í útreikningi tryggingafræðingsins er gert ráð fyrir, að tjón stefnanda vegna tímabundinnar örorku hafi numið miðað við 10% örorku kr. 121.559.00. Stefnandi kveðst hafa fengið fasta-kaup sitt hjá H/f Eimskipafélagi Íslands að fullu greitt, þegar hann var frá starfi vegna afleiðinga slyssins. Hann kveðst því ekki gera kröfur um bætur fyrir tímabundna örorku, nema að því leyti sem hann hafi misst af yfirvinnu, á meðan hann var frá vinnu vegna afleiðinga slyssins. Hann skýrir svo frá, að stór hluti tekna yfirmanna á farskipum sé að verulegu leyti byggður á yfirvinnu, sem jafnvel komi fram á vöktum þeirra, en þetta sé velþekkt staðreynd meðal þeirra, sem þekki til atvinnu við siglingar.

Stefnandi kveðst á fyrstu sex mánuðum eftir slysið hafa tvívegis verið frá vinnu, fyrst 5.—26. október 1967 og frá 18. janúar — 25. marz 1968.

Kröfu sína fyrir tapað yfirvinnukaup á nefndum tveim tímabilum sundurliðar stefnandi þannig:

A. 5.—26. október 1967.

Laugardagsuppbót, 22 dagar x 15.0933	kr.	332.05
Yfirvinna afleysingarmanns		
21 tímar á 80.56	—	1.691.76
31 — — 136.20	—	4.222.20
		<hr/>
	kr.	6.246.01

B. 18. janúar — 25. marz 1968.

Laugardagsuppbót, 68 dagar x 15.0933	kr.	1.026.34
Yfirvinna afleysingamanns		
í janúar: 8 tímar á 80.56	—	644.48
23 — — 136.20	—	3.132.60
í febrúar: 18.5 — — 80.56	—	1.490.36
— — 43 — — 136.20	—	5.856.60
í marz: 38 — — 136.20	—	5.175.60
		<hr/>
eða alls	kr.	23.571.99

Stefnandi heldur því fram, að stefnda sé tvímælalaust skylt að greiða yfirvinnu þessa, og bendir jafnframt á, að hann hafi hinn 21. maí 1968 ritað réttargæzlustefnda bréf með kröfu um greiðslu ofangreindrar yfirvinnu. Viðbrögð réttargæzlustefnda hafi verið þau, að hann hafi greitt kr. 10.000.00 upp í yfirvinnuna, og telur stefnandi, að í greiðslu þessari felist viðurkenning um að bæta yfirvinnutapið.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem ósönnuðum. Telur stefndi því, að ekki eigi að taka hann til greina.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu sundurliðaðar yfirvinnuskýrslur þess stýrimanns, sem leysti hann af. Hefur skýrslum þessum ekki verið hnekkt. Fallast ber á það með stefnanda, að stefndi eigi að bæta honum yfirvinnutapið. Verður kröfuliður þessi því að fullu tekinn til greina.

Um 3. kröfulið.

Hér er um að ræða kostnað fyrir læknisvottorð, örorkumat, útreikninga á örorkutjóni, lyf og sjúkrahúskostnað. Hefur stefnandi lagt fram reikninga yfir kostnað þennan.

Stefndi hefur ekki mótmælt þessum kröfulið tölulega.

Kostnaður stefnanda samkvæmt þessum kröfulið er útlagt fé hans vegna slyssins. Verður kröfuliður þessi því tekinn til greina.

Um 4. kröfulið.

Stefnandi bendir á, að hann sé haldinn eymslum, óþægindum og með aldri muni að sjálfsögðu sækja mjög gigt að hálsi hans, höfði og herðum. Sé áverkni sá, sem hann fékk við slysið, því á vissan hátt meira en missir t. d. einhvers líkamshluta. Ljóst

sé því, að hann eigi rétt á ríflegri bótafjárhæð samkvæmt þessum kröfuflið.

Stefndi mótmælir þessum kröfuflið sem of háum.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir sjúkdómsferli stefnanda. Þegar þau gögn eru virt og önnur þau atriði, sem hér skipta máli, þykir rétt að taka kröfu stefnanda um miskabætur til greina með kr. 75.000.00.

VI.

Svo sem greinir í kaflanum hér á undan, telst tjón stefnanda samtals kr. 511.606.00 (400.000.00+23.572.00+13.034.00+75.000.00).

Óumdeilt er, að réttargæzlustefndi hefur greitt stefnanda kr. 10.000.00, sem koma eiga til frádráttar.

Í 3. gr. kjarasamnings Eimskipafélags Íslands og Stýrimannafélags Íslands frá 3. september 1965 var svofellt ákvæði:

„Útgerðin tryggir stýrimenn sína gegn öllum slysum, er þá kann að henda, á meðan þeir eru í þjónustu hennar, hvort heldur þau verða um borð eða í landi.

Upphæð tryggingarinnar skal vera kr. 300.000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur — miðað við dauða og fulla örorku. Upphæðin greiðist aðstandendum hlutaðeigandi stýrimanns, ef hann deyr, en honum sjálfum, ef hann verður óvinnufær að dómi læknis. Trygging þessi skerðir ekki rétt stýrimanns til greiðslu úr lífeyris- og eftirlaunasjóði útgerðarinnar, en kemur hins vegar til frádráttar slysa- eða dánarbótakröfu á hendur útgerðinni með sama hætti og bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.“

Gerðardómur, sem skipaður var samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 63/1967, úrskurðaði hinn 30. október 1967, að tryggingarfjárhæð samkvæmt ofangreindu ákvæði kjarasamningsins skyldi vera kr. 600.000.00. Krafði stefnandi H/f Eimskipafélag Íslands um greiðslu 10% af fjárhæðinni, eða kr. 60.000.00. Félagið neitaði greiðslu á hærri fjárhæð en kr. 30.000.00, þ. e. 10% af kr. 300.000.00, eins og tilgreint var í upphaflega kjarasamningnum frá 3. september 1965. Ágreiningsefni þessu var skotið til Félagsdóms, sem hinn 17. marz 1971 úrskurðaði, að Eimskipafélag Íslands væri skylt að miða tryggingarfjárhæð samkvæmt nefndri grein kjarasamningsins við kr. 600.000.00, enda þótt slys stefnanda hafi ekki orðið fyrr en 5. október 1967. Stefnandi kveðst nú hafa fengið greiddar örorkubætur þessar, kr. 60.000.00, úr

hendi H/f Eimskipafélags Íslands. Stefnandi mótmælir því alfarið, að slysatryggingarbætur þessar eigi að koma til frádráttar á tjónabótakröfum hans.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að í raun réttari komi nefndar slysatryggingarbætur til lækkunar á tjóni stefnanda, og beri því að draga kr. 60.000.00 frá tjóni stefnanda.

Fallast verður á með stefnda, að slysatryggingarbætur þessar séu með þeim hætti, að þær eigi að koma til frádráttar frá tjóni stefnanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber stefnda að greiða stefnanda kr. 441.606.00 (511.606.00 ÷ 70.000.00) með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000.00.

Samkvæmt 4. mgr. 69. gr. umferðarlaganna nr. 40/1968 á stefnandi lögveð í bifreiðinni R 4709 til tryggingar hinum til-dæmdu kröfum.

Bjarni K. Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landleiðir h/f, greiði stefnanda, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 441.606.00 með 7% ársvöxtum frá 5. október 1967 til greiðsludags og kr. 60.000.00 í málskostnað.

Stefnandi á lögveð í bifreiðinni R 4709 til tryggingar ofangreindum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.